

# ANSA og NTV: Verkefna- og breytingastjórnun með áherslum úr stjórnun viðskiptaferla

Samantekt á dagskrá, áherslum og ávinnings á námskeiði

## ✓ Almennt um námskeið

Þetta námskeið útlistar hvernig verkefnastjórar og sérfræðingar/stjórnendur sem stýra eða koma að verkefnum, t.d. í gæðamálum, starfsmannmálum og viðskiptaþróun geta nýtt áherslur úr stjórnun viðskiptaferla (BPM) til að bæta árangur í verkefnum. Aðferðir úr stjórnun viðskiptaferla saman með verkefnastjórnunaraðferðum er afar áhrifarík leið til að reka verkefni. BPM nálgun samhliða góðum aðferðum verkefnastjórnunar veitir nauðsynlegt samhengi og dýpt á starfsumhverfinu og þeim þáttum sem unnið er með í verkefninu. Með réttri skrásetningu ferla er mun auðveldara að ná utan um umfang verkefnis og þær deildir og svið sem koma að úrvinnslu á ferlinu og þeirri þjónustu og verðmætasköpun sem unnið er að í rekstrinum. Ferlaskráning gerir skráningu á verkefnasamantekt markvissari þar sem umfang liggur betur fyrir og skráning hagaðila auðveldari sem er mikilvægt. Án ferla til hliðsjónar er hætt við að umfang verkefnisins sé metið of þróngt í upphafi þar sem yfirsýn skortir.

Skráning á þeim breytingum og niðurstöðum sem eiga að nást fram í verkefninu án ferlaskráningar, t.d. í textaformi, eru oft torskildar sem gerir umræður og greiningu á ýmsum þáttum verkefnisins flókin og jafnvel yfirborðskenndan. Ferlar sýna mengið sem unnið er í og þess vegna verður greining og umræða t.d. á fundum og í vinnustofum verðmæt upp á að fá fram tillögur og athugasemdir frá aðilum sem starfa í ferlinu. Þá vinnast þarfagreiningar og kröfulýsingar betur með ferla í forgrunni í slíkri vinnu. Loks þá brúa skráðir ferlar „bilið“ á milli aðila frá viðskiptahliðinni og upplýsingatækni þar sem ferlarnir eru mikilvæg viðbót sem verkfæri fyrir aðila að sammælast um umfang, markmið og vinnuframlag í verkefni.

Breytingastjórnun fléttast inn í verkefni með áherslum úr stjórnun viðskiptaferla þar sem hagaðilar hafa unnið skráningu á ferlum, lagt inn tillögur og tekið þátt í umræðum í að kortleggja nústöðuna og einnig á breytti stöðu sem unnið verður að. Með þessu móti er búið að leggja grunninn að breytingum strax á fyrstu stigum verkefnisins. Viðskiptaferlar sýna betur en aðrar leiðir (t.d. Word eða Excel) stöðuna í verklaginu eins og hún er áður en farið er í breytingar. Rökstuðningur og ástæða þess að verkefni er sett af stað er öllum ljós þegar ferlar eru notaðir í að útskýra bága nústöðu. Þörfir fyrir breytingum er skýr, sem er forsenda þess setja verkefni af stað af krafti með stuðning hagaðila og stjórnenda.

Dagssetning: 4. apríl, frá kl. 9.00 til 12.00. Staðsetning: Nauthóll veislusalur.

✓ **Fyrir hverja?**

Um er að ræða staðnám, fyrir hádegi frá kl. 9.00 til 12.00, þar sem þáttakendur hlýða á kynningu, sjá dæmi ásamt því að vinna í skráningu viðskiptaferla með einföldum og áhrifaríkum hætti með praktískum verkefnum og umræðum á námskeiðinu. Aðferðir sem eru kynntar á námskeiðinu nýtast stjórnendum og sérfræðingum strax við verkefni og úrlausn mála á vinnustaðnum. Námskeiðið mun nýtast starfsmönnum fyrirtækja, sveitarfélaga og stofnana:

- Sérfræðinga/stjórnendur sem vinna að úrbótum á ferlum
- Lean sérfræðinga
- Gæðastjóra
- Þjónustustjóra, rekstrarstjóra
- Stjórnendur / sérfræðinga í tölvudeild, hugbúnaðarþróun
- Stjórnendur / sérfræðinga í starfsmannamálum
- Sérfræðinga/stjórnendur í vöru- og viðskiptaþróun
- Verkefnastjóra

✓ **Leiðir í boði?**

Verkefna- og breytingastjórnun með áherslum úr stjórnun viðskiptaferla er námskeið númer tvö, eftir gunnnámskeiði í stjórnun viðskiptaferla. Þriðja námskeiðið er framhaldsnámskeið í stjórnun viðskiptaferla. Hvert námskeið er sjálfsætt. Grunnnámskeiðið fer ofan í ferlaskráningu ásamt almennri kynningu á tilgangi, þeim áherslum og ávinnungi með stjórnun viðskiptaferla.

Áherslur í stjórnun viðskiptaferla í verkefna- og breytingastjórnun fer nánar ofan í hvernig BPM styður við verkefnastjórnun, bæði verkefnastjórana sjálfra og þá sem koma mikið að verkefnavinnu í starfseminni, við að ná framúrskarandi árangri í verkefnum. Skráðir ferlar nýtast í að lýsa nástöðunni, við að vinna að farsælum breytingum og/eða innleiðingu t.d. á hugbúnaðarlausn. Framhald stjórnun viðskiptaferla tekur á greiningu og bestun ferla, skráningu á vegferð viðskiptavinarins, samspili við gagnastjórnun og umfjöllun um það nýjasta í stjórnun eins og ferlaköfun, sjálfvirknivæðingu ferla, gervigreind og BPM. Mælt er með að áhugasamir skrái sig á öll þrjú námskeiðin til að fá djúpa innsýn í stjórnun viðskiptaferla og fá sem hagnýtustu reynsla af kennslunni sem má nýta í starfinu að loknu námskeiðinu.

✓ **Markmið**

Markmiðið er að þáttakendur fái haldgóða yfirsýn yfir tilgang, markmið og ávinnning af því að beita aðferðum og áherslum úr stjórnun viðskiptaferla í störfum sínum. Þáttakendur snúi aftur á vinnustaðinn með kunnáttu í skráningu ferla, vinna að umbótum og búa yfir þekkingu við að taka út stöðu á verklagi í starfsemi.

✓ **Námsþættir**

Námskeið tvö ber yfirskriftina verkefna- og breytingastjórnun með áherslum úr stjórnun viðskiptafela. Námskeið 1 er grunnnámskeið í stjórnun viðskiptaferla. Þáttakendur njóta góðs

af því að taka grunnnámskeiðið en þess þó ekki krafist. Loks er boðið upp á framhaldsnámskeið í stjórnun viðskiptaferla. Öll námskeiðin eru staðnámskeið, hálfur dagur hvert, frá kl. 9.00 til 12.00.

✓ **Frammistöðumat / Diplóma**

Ekkert hér

✓ **Annað**

Þáttakendur mæta með fartölvu á námseið. Það þarf engan undirbúning eða gráðu/námskeið sem undanfara á þessu námeiði. Þáttakendur eru hvattir til að mæta fróðleiksfúsir og með jákvæðni á námskeiðið.

✓ **Greiðslumöguleikar**

Námskeiðsgjald fyrir þáttakanda er 48 þús. kr. án vsk. Ef tveir eða fleiri frá sama vinnustaðnum skrá sig þá greiða þau helmingsgjald eftir að fyrsti greiðir fullt gjald. Hvert þriggja námskeiða kostar 48 þús. kr. án vsk. Ef aðili skráir sig á öll þrjú námskeiðin þarf einungis að greiða fyrir tvö námskeið, það þriðja án endurgjalds.